



Forsætisnefnd

Reykjavík, 15. janúar 2025

MSS22060123

Fjárframlag Reykjavíkurborgar til stjórnmalasamtaka 2025

Skrifstofa borgarstjórnar hefur undirbúið útgreiðslu fjárframlags Reykjavíkurborgar til þeirra stjórnmalasamtaka sem fulltrúa eiga í borgarstjórn til samræmis við ákvæði laga nr. 162/2006 um starfsemi stjórnmalasamtaka.

Fulltrúar viðkomandi stjórnmalasamtaka í forsætisnefnd og/eða formenn borgarstjórnarflokka bera ábyrgð á því að rétt gögn berist skrifstofunni. Skrifstofu borgarstjórnar þarf að berast bæði reikningur og erindi frá flokknum, sem er undirritað af formanni borgarstjórnarflokks og starfsmanni stjórnmalasamtakanna. Til hægðarauka hefur verið útbúið eyðublað til útfyllingar og undirritunar sem unnt er að nýta sér.

Athygli er vakin á því að það er skilyrði úthlutunar á fé frá sveitarstjórnnum að viðkomandi stjórnmalasamtök séu skráð skv. I. kafla C laga um starfsemi stjórnmalasamtaka nr. 162/2006, hafi áður uppfyllt upplýsingaskyldu sína við ríkisendurskoðanda skv. 8. og 9. gr. s.k. og að ríkisendurskoðandi hafi birt ársreikning þeirra.

Gera þarf ráð fyrir ca. 10-15 daga afgreiðslutíma eftir að öll gögn berast skrifstofu borgarstjórnar og til að tryggja hraða og örugga afgreiðslu er vakin athygli á eftirfarandi:

1. Erindið þarf að vera undirritað af bæði formanni eða oddvita borgarstjórnarflokks og gjaldkera/starfsmanni.
2. Reikningur þarf að fylgja erindinu (Mælt er með að senda rafrænan reikning, sjá <https://reykjavik.is/sjalfvirkir-rafraenir-reikningar>)
3. Bankareikningur þarf að vera á nafni stjórnmalasamtakanna.

Virðingarfyllst,

Helga Björk Laxdal
Skrifstofustjóri borgarstjórnar

Hjálagt:

Útreikningur á skiptingu í samræmi við hlutfall atkvæðamagns

Beiðni um útgreiðslu – eyðublað



Reykjavík